

Nd. 178. Frumvarp til laga [149. mál]

um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurbreppi.

Flm.: Alexander Stefánsson, Jósef H. Þorgeirsson, Skúli Alexandersson,
Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Ólafsvíkurbreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið um allan núverandi Ólafsvíkurbrepp og heitir Ólafsvíkurkaupstaður. Heyrir umdæmið til Vesturlandskjördæmi.

2. gr.

Stofnsett skal sérstakt bæjarfógetaembætti í kaupstaðnum.

3. gr.

Sýslunefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og bæjarstjórn Ólafsvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur atriði er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Náí þessir aðilar ekki samkomulagi skal félagsmálaráðherra úrskurða hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum samkvæmt þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til næstu bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af þingmönnum Vesturlandskjördæmis samkvæmt eindregnum tilmælum hreppsnefndar Ólafsvíkurhrepps, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal, eftir að hefur farið formleg skoðanakönnun íbúa Ólafsvíkurhrepps um málið í atkvæðagreiðslu, 22. maí 1982, þar sem 558 kjósendur tóku þátt í skoðanakönnuninni eða 78% þeirra sem eru á kjörskrá — 538 fylgjandi kaupstaðarréttindum eða 96.5%, sem telja verður afgerandi afstöðu íbúa sveitarfélagsins til málsins, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samþykkt einróma að fylgja fram.

Ekki þarf að rökstyðja frekar þessa ákveðnu beiðni hreppsnefndar — rökin fyrir málinu eru þau sömu og fram hafa komið hjá þeim sveitarfélögum er fengið hafa kaupstaðarréttindi á undanförunum árum, svo sem Dalvík, Grindavík, Bolungarvík o. fl. Opinber þjónusta við íbúana er of lítil, miðað við vaxandi umsvif og íbúafjölda — sem fæst leiðrétt að verulegu leyti með kaupstaðarréttindum.

Um langt árabil hafa sveitarstjórnarmenn á landsþingum og fundum samtaka sveitarfélaga bent á nauðsyn þess, að réttarstaða sveitarfélaga í landinu yrði sú sama. Hægt hefur miðað og hefur þróunin orðið sú, að mörg fjölmennari sveitarfélög hafa fengið leiðréttingu með því að sækja um kaupstaðarréttindi.

Farið er fram á að Alþingi samþykki þessi réttindi til handa Ólafsvíkurhreppi.

Fylgiskjal.

Ólafsvík, 12.11.82.

Á fundi í hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps þ. 11.11.82 var eftirfarandi tillaga samþykkt af öllum hreppsnefndarmönnum:

„Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps samþykkir að fara þess á leit við alþingismenn Vesturlandskjördæmis, að þeir flytji á Alþingi frumvarp að lögum um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi. Kaupstaðurinn nái yfir allan núverandi Ólafsvíkurhrepp og stofnsett verði sérstakt bæjarfógetaembætti kaupstaðarins.“

Ástæður hreppsnefndar Ólafsvíkurhrepps til þess að sækja um kaupstaðarréttindi eru þær hinar sömu og annarra hreppa sem undanfarið hafa fengið kaupstaðarréttindi.

Hinn 22. maí fór fram skoðanakönnun meðal kjósenda í Ólafsvíkurhreppi um kaupstaðarmálið. Á kjörskrá voru 714, þátt tóku í skoðanakönnuninni 558, eða 78% kjósenda. 538 af þeim, sem atkvæði greiddu, voru fylgjandi því, að Ólafsvíkurhreppur fengi kaupstaðarréttindi, en 9 voru andvígir. 11 seðlar voru auðir og ógildir.

Virðingarfyllt,
f. h. hreppsnefndar Ólafsvíkurhrepps,
Jóhannes Pétursson
sveitarstjóri Ólafsvíkurhrepps.